

Tillaga til þingsályktunar

um málstefnu íslensks tákn máls 2024–2027 og aðgerðaáætlun.

Frá menningar- og viðskiptaráðherra.

Alþingi ályktar að íslenskt tákn máll sé hefðbundið minnihlutamál og fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra, sbr. lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls. Stjórnvöld stuðli að þróun, rannsóknum, kennslu og útbreiðslu íslensks tákn máls og styðji að öðru leyti við menningu og menntun tákn málsfólks og tákn málsbarna.

I. Meginstoðir málstefnu íslensks tákn máls.

Málstefna íslensks tákn máls taki til eftirtalinna fimm meginstoða:

- Máltöku tákn málsbarna.
- Rannsókna og varðveislu.
- Jákvæðs viðhorfs.
- Fjölgunar umdæma íslensks tákn máls.
- Lagaumhverfis.
- Máltækni.

II. Málstefna íslensks tákn máls.

- Íslenskt tákn máll í máltöku tákn málsbarna verði lykillinn að framtíð þeirra. Lögð verði áhersla á:
 - aðgengi foreldra að upplýsingum um íslenskt tákn máll,
 - tækifæri tákn málsbarna til náms með öðrum börnum sem tala tákn máll,
 - kennslu íslensks tákn máls,
 - aðgengi tákn málsbarna að mál- og menningarsamfélagi tungumálsins,
 - aðgengi að námi á og í íslensku tákn máli,
 - að menntastefna stjórnvalda hverju sinni stuðli að jafnri stöðu íslensks tákn máls og íslensku.
- Íslenskt tákn máll verði rannsakað sem liður í að varðveita málið. Lögð verði áhersla á:
 - rannsóknir á íslensku tákn máli og menningarsamfélagi þess og að miðla niðurstöðum rannsókna,
 - að íslenskt tákn máll verði markvisst tekið upp á stafrænu formi, efnið varðveitt og gert aðgengilegt almenningi og fræðasamfélagi með umritunum.

- C. Jákvætt viðhorf verði kjarni málstefnu íslensks táknmáls og grundvöllur jafnra tækifæra. Lögð verði áhersla á:
1. viðhorf til íslensks táknmáls sem tungumáls til jafns við íslensku,
 2. viðhorf til íslensks táknmáls í máltöku táknmálsbarna,
 3. viðhorf stjórnvalda og almennings til íslensks táknmáls sem endurspeglar í samfélaginu.
- D. Jafnri þátttöku táknmálstalanda fólks í íslensku þjóðlífi verði náð með fjölgun umdæma íslensks táknmáls. Lögð verði áhersla á:
1. að draga úr útrýmingarhættu íslensks táknmáls,
 2. að stuðla að auknu aðgengi að ríku málumhverfi íslensks táknmáls,
 3. að nota íslenskt táknmál til jafns við íslensku.
- E. Lagaumhverfi tryggi stöðu íslensks táknmáls. Lögð verði áhersla á að við stefnumörkun stjórnvalda verði tryggt að staða íslensks táknmáls og íslensku sé jöfn.
- F. Tækni verði nýtt og þróuð til að varðveita og efla íslenskt táknmál og sporna gegn útrýmingu þess. Lögð verði áhersla á söfnun þekkingar í máltækni táknmála og söfnun og skráningu málfanga á íslensku táknmáli.

III. Aðgerðaáætlun málstefnu íslensks táknmáls 2024–2027.

Aðgerðaáætlunin miðist við þær aðgerðir sem ætlunin er að komi til framkvæmda á gildistíma málstefnu íslensks táknmáls. Að þeim árum liðnum verði málstefnan og aðgerðaáætlunin endurskoðuð.

Aðgerðir sem falli undir meginstoð A: Máltöku táknmálsbarna:

1. Reynist barn vera með skerta heyrn verði snemmtækri íhlutun beitt til að tryggja viðkomandi barni og fjölskyldu þess öll úrræði sem koma barninu að gagni. Sé ástæða til verði foreldrum heyrnarlausra og heyrnarskertra barna bent á þjónustu Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra.
Ábyrgð: Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.
Tímaáætlun: Allt tímabil aðgerðaáætlunarinnar.
2. Stuðlað verði að markvissri samþættingu þjónustu í þágu farsældar táknmálsbarna.
Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneyti í samstarfi við sveitarfélög og aðra rekstraraðila skóla.
Tímaáætlun: Allt tímabil aðgerðaáætlunarinnar.
3. Markvisst eftirlit með námi og kennslu táknmálsbarna í leik-, grunn- og framhaldsskólum fari fram.
Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneyti og sveitarfélög og aðrir rekstraraðilar skóla.
Tímaáætlun: Allt tímabil aðgerðaáætlunarinnar.
4. Við reglubundna endurskoðun á aðalnámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla verði gerðar viðeigandi breytingar til að styrkja stöðu íslensks táknmáls.
Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneyti.
Tímaáætlun: Allt tímabil aðgerðaáætlunarinnar.

5. Kannaður verði möguleiki á námi í kennslufræði táknaþáls við Háskóla Íslands með samstarfi Hugvísindasviðs, Menntavísindasviðs og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra.
Ábyrgð: Háskóli Íslands með samstarfi Hugvísindasviðs, Menntavísindasviðs og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra.
Tímaáætlun: Samkvæmt ákvörðun Háskóla Íslands í samræmi við ramma.
6. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra veiti foreldrum táknaþálsstalandi barna upplýsingar og gjaldfrjálsa ráðgjöf um máltöku. Foreldrum og nánustu ættingjum táknaþálsstalandi barna verði veitt gjaldfrjálst táknaþálsnám.
Ábyrgð: Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra
Tímaáætlun: Allt tímabil aðgerðaáætlunarinnar.
7. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra veiti leik- og grunnskólum þar sem táknaþálsstalandi börn stunda nám gjaldfrjálsa ráðgjöf.
Ábyrgð: Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.
Tímaáætlun: Allt tímabil aðgerðaáætlunarinnar.
8. Málsamfélagið, með Félag heyrnarlausra í forsvari, taki á móti öllum táknaþálsbörnum með ríku málumhverfi með málfyrirmyndum, menningarviðburðum og markvissri aðlögun að táknaþálssamfélaginu þar sem lítið verði á alla fjölskylduna sem hluta af málsamfélaginu. Hið sama gildi um fólk sem kemur inn í málsamfélagið á seinni stigum ævinnar.
Ábyrgð: Félag heyrnarlausra.
Tímaáætlun: Allt tímabil aðgerðaáætlunarinnar.
9. Færnimat í íslensku táknaþálsi á grundvelli evrópskra staðla verði aðgengilegt og tryggt að umsjón þess sé hjá viðurkenndum aðila.
Ábyrgð: Ábyrgðaraðili metinn á seinni stigum.
Tímaáætlun: Liggur ekki fyrir.
10. Táknaþálsstalandi nemendur í leik-, grunn- og framhaldsskólum njóti náms og kennslu við hæfi. Kennurum og öðru starfsfólki skóla og skólaþjónustu verði tryggt viðeigandi starfsþróun, stuðningur og hafi möguleika á sérhæfingu.
Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneyti, sveitarfélög og aðrir rekstraraðilar skóla.
Tímaáætlun: Á við um allt tímabil aðgerðaáætlunarinnar.
11. Málnefnd um íslenskt táknaþáls, í samstarfi við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og Félag heyrnarlausra, útbúi fræðsluefni um íslenskt táknaþáls, svo sem bæklinga, vefsvæði eða annað.
Ábyrgð: Málnefnd um íslenskt táknaþáls, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og Félag heyrnarlausra
Tímaáætlun: Allt tímabil aðgerðaáætlunarinnar.
12. Fjölbreytt efni, svo sem bækur og skemmtiefni í sjónvarpi, verði aðgengilegt táknaþálsstalandi börnum á öllum aldri í samvinnu við þá sem framleiða slíkt efni og þá sem að táknaþálssamfélaginu standa. Menningar- og viðskiptaráðherra tryggi að þeir sjóðir sem heyra undir málefnaþáls menningar- og viðskiptaráðherra og styrkja útgáfu slíkra verkafna séu aðgengilegir þeim sem hyggja á útgáfu táknaþálssefnis.
Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneyti meti starfsemi menningarsjóða, sbr. aðgerð í Menningarsókn – aðgerðaáætlun til 2030.
Tímaáætlun: 2024.

5. Fræðsla um íslenskt táknmál og sögu og menningu þess verði hluti af námsefni grunn-skólabarna.
Ábyrgð: Menntamálastofnun og grunnskólar.
Tímaáætlun: Á við um allt tímabil aðgerðaáætlunarinnar.
6. Málnefnd um íslenskt táknmál stuðli að jákvæðu viðhorfi til íslensks tákn máls til stuðnings stefnuaðgerðum stjórnvalda.
Ábyrgð: Málnefnd um íslenskt táknmál.
Tímaáætlun: Allt tímabil aðgerðaáætlunarinnar.
7. Dagur íslenska tákn málsins, 11. febrúar, verði haldinn hátíðlegur ár hvert og stefnt að því að dagurinn verði fánadagur líkt og dagur íslenskrar tungu.
Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneyti.
Tímaáætlun: Allt tímabil aðgerðaáætlunarinnar.

Aðgerðir sem falli undir meginstöð D: Fjölgun umdæma íslensks tákn máls:

1. Unnið verði að þýðingum úr íslensku yfir á íslenskt táknmál og öfugt á sem flestum sviðum íslensks þjóðlífs til að fjölga umdæmum íslensks tákn máls.
Ábyrgð: Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.
Tímaáætlun: Allt tímabil aðgerðaáætlunarinnar.
2. Endurmenntun tákn málstúlka verði tryggð og sérhæfing innan fagstéttarinnar í samvinnu við hagsmunafélög og stofnanir sem koma að námi og störfum þeirra.
Ábyrgð: Ábyrgðaraðili metinn á seinni stigum.
Tímaáætlun: Allt tímabil aðgerðaáætlunarinnar.
3. Tákn málstalandi fólk hafi möguleika á að birta eigin sögur eða annað listrænt efni í samvinnu við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, Félag heyrnarlausra, Leikskólann Sólborg, Hlíðaskóla og eftir atvikum aðra opinbera aðila og einkaaðila.
Ábyrgð: Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.
Tímaáætlun: Allt tímabil aðgerðaáætlunarinnar.
4. Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu stuðli að auknu aðgengi efnis og fræðslu á íslensku tákn máli.
Ábyrgð: RÚV.
Tímaáætlun: Allt tímabil aðgerðaáætlunarinnar.

Aðgerðir sem falli undir meginstöð E: Lagaumhverfi:

1. Unnið verði að endurskoðun laga um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.
Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneyti.
Tímaáætlun: Hefjist árið 2024.
2. Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls verði metin í samræmi við málstefnu og hlutverk Málnefndar um íslenskt táknmál skilgreint frekar.
Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneyti.
Tímaáætlun: Hefjist árið 2023.

Aðgerðir sem falli undir meginstöð F: Máltækni:

1. Unnið verði að því að þróa umhverfi til fjarnáms og fjarkennslu íslensks táknmáls, m.a. með máltæknilausnum og námsefni sem hentar til tölvustudrar tungumálakennslu, þar á meðal kennsluvefsíður eða smáforrit fyrir táknmálsnám grunnskólubarna.
Ábyrgð: Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, Menntamálastofnun o.fl.
Tímaáætlun: Hefjist árið 2024.
2. Áframhaldandi söfnun málfanga, svo sem í formi táknaalista og myndbandsupptaka af máli ólíkra kynslóða, sem hægt verður að nota sem efnivið í máltækniverkefni, t.d. við gerð málheildar íslensks táknmáls.
Ábyrgð: Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.
Tímaáætlun: Allt tímabil aðgerðaáætlunarinnar.
3. Táknmálstalandi fólk verði menntað og þjálfað í tækni sem notuð er til að byggja upp málheild íslensks táknmáls.
Ábyrgð: Námsgreinin táknafræði- og táknaáætlun við Háskóla Íslands í samstarfi við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.
Tímaáætlun: Allt tímabil aðgerðaáætlunarinnar.

Greinargerð.

1. Almenn.

Hugtakið *táknaáætlun* er notað sem yfirheiti yfir þá sem líta á íslenskt táknaáætlun sem sitt móðurmál/fyrsta mál eða þá sem eru tví- eða fjölyngdir og líta á íslenskt táknaáætlun sem eitt af sínum málum. Hugtakið vísar bæði til fullorðinna og barna, þ.e. *táknaáætlunarbarna*. Vísað er til 3. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknaáætlun, nr. 61/2011, þar sem segir að íslenskt táknaáætlun sé fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra. Stjórnvöld skuli hlúa að því og styðja. Hver sem hafi þörf fyrir táknaáætlun skuli eiga þess kost að læra og nota íslenskt táknaáætlun, jafnskjótt sem máltaka hefst eða frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða samþætting sjón- og heyrnarskerðingar hefur greinst. Sama rétt eigi nánustu aðstandendur.

Hinn 21. janúar 2020 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra starfshóp til þess að vinna að málstefnu um íslenskt táknaáætlun. Málstefnan skyldi unnin samkvæmt þingsályktun nr. 36/149 um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi sem samþykkt var á Alþingi 2019. Starfshópin skipuðu fulltrúar Málnefndar um íslenskt táknaáætlun, Félags heyrnarlausra og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra með víðtæku samstarfi við sérfræðinga í málaflokknum. Táknaáætlunssamfélagið var boðað til umræðufundar þar sem drögin voru rýnd og tekið var tillit til athugasemda er komu fram á fundinum.

Áherslur í málstefnum minnihlutamála geta verið ólíkar áherslum í málstefnum meirihlutamála og byggst á öðrum forsendum. Málstefna íslensks táknaáætlun byggist á skilgreiningum Ara Páls Kristinssonar, sbr. *Málheimar – Sitthvað um málstefnu og málnotkun*, og Bernards Spolskys, sbr. *The Cambridge Handbook of Language Policy*, og miðar að því að skilgreina markmið og aðgerðir sem varða viðhorf og hegðun til jafns við stöðu og form málsins. Málstefnu íslensks táknaáætlun er ætlað að vera leiðarljós við mótun málhegðunar, málviðhorfs og málstýringar í samfélaginu. Að auki er málstefnu íslensks táknaáætlun ætlað að vera til leiðbeiningar fyrir stjórnvöld, sveitarfélög og stofnanir.

Íslenskt táknaáætlun er eina hefðbundna minnihlutamálið á Íslandi og eina tungumálið sem á sér lagalega stöðu utan íslenskrar tungu eins og sjá má í lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknaáætlun. Í frumvarpi forsætisráðherra um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins

Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum (forseti Íslands, ríkisstjórn, verkefni framkvæmdarvalds, umhverfisvernd, auðlindir náttúru Íslands og íslensk tunga), sem lagt var fram á 151. löggjafarþingi 2020–2021 (466. mál, þskj. 787) en náði ekki fram að ganga, er einnig ákvæði um íslenskt táknmál og um skyldur ríkisvaldsins til að styðja það og vernda. Í þingsályktun nr. 16/151 um menntastefnu fyrir árin 2021–2030 (278. mál, þskj. 1111) er lögð áhersla á framþróun íslensks máls og íslensks táknmáls. Eins og önnur táknmál (og önnur minnihlutamála) hefur íslenskt táknmál átt undir högg að sækja með ýmsum afleiðingum fyrir málið og málsamfélagið. Vegna þessa er brýnt að aðgerðaáætlun sem fylgir málstefnu íslensks táknmáls komi til framkvæmda á gildistíma málstefnunnar. Aðgerðirnar eru fyrstu en jafnframt brýnustu skrefin til að markmið málstefnu íslensks táknmáls náist og að lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls sé framfylgt.

2. Samráð.

Tillaga til þingsályktunar um málstefnu íslensks táknmáls og aðgerðaáætlun var til samráðs í samráðsgátt stjórnvalda 27. maí 2022 til 16. júní 2022 (mál nr. S-90/2022). Tillaga og aðgerðaáætlun voru táknmáls túlkaðar, auk þess sem fréttatilkynning um samráðið var táknmáls túlkuð og birt á vef Stjórnarráðsins og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra. Alls bárust 11 umsagnir í samráðsgátt og hefur verið tekið tillit til þeirra eftir því sem við á.

Haft var samráð við mennta- og barnamálaráðuneyti vegna tillögu um aðgerðir er varða samræmingu þjónustu í þágu farsældar barna er varðar lagalegan rétt og stöðu táknmálsbarna, um menntun táknmálsstalandi barna, endurskoðun aðalnámskráa leik-, grunn- og framhaldsskóla og starfþróun kennara leik-, grunn- og framhaldsskóla í táknmáli.

Að auki var haft samráð við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti vegna tillögu um aðgerðir er varða rannsóknir og iðorðasmíð á íslensku táknmáli, endurmenntun táknmáls túlka, viðeigandi hæfni fagfólks í máltöku- og námsumhverfi táknmálsstalandi barna og færnimat í íslensku táknmáli og nám í táknmálskennslufræðum.

Að lokum var haft samráð við heilbrigðisráðuneyti og félags- og vinnumarkaðsráðuneyti vegna aðgerða sem tengjast málefnum sem heyra undir þau ráðuneyti.

Um einstaka þætti málstefnunnar.

Um A. Máltöku táknmálsbarna.

Vandað máluppeldi og málkunnátta er grunnurinn að öllu námi barna og samskiptum þeirra við umheiminn. Máltaka fer fram með samskiptum barna við foreldra sína, systkin og nánustu ættingja á fyrstu mánuðum ævinnar en færast síðan einnig yfir á samskipti við starfsmenn leik- og grunnskóla og samnemendur barnanna á hverju skólastigi. Öll börn eiga að fá ríkt málumhverfi strax frá fæðingu, tækifæri til að læra tungumál og dýpka skilning sinn á því þannig að þau geti þroskast og dafnað. Til þess að þetta gerist þurfa málfyrirmyndir barnanna að vera góðar, fjölbreyttar og margar. Táknmáls túlkar teljast ekki málfyrirmyndir þar sem þeir uppfylla ekki þarfir táknmálsbarna fyrir bein samskipti á máltökualdri.

Ríkt málumhverfi þýðir að aðgengi er að vönduðu, skýru og skiljanlegu máli í fjölbreyttum aðstæðum, ólíkum málsniðum, fjölbreyttri orðræðu og samskiptum við ólíkar málfyrirmyndir á öllum tímum. Huga þarf vel að gæðum málgagna hjá tvítýngdu barni, með tilliti til málfyrirmynda, málumhverfis og jákvæðs viðhorfs í garð málsins, svo að tungumál geti talist vera fyrsta mál eða annað tveggja mála viðkomandi. Þá er menning ásamt menningarlegum gildum málsamfélags órjúfanlegur hluti máltöku. Það er lagaleg skylda ríkis og sveitarfélaga að styðja

við menningu táknmálssamfélagsins á Íslandi, sbr. 5. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls, nr. 61/2011.

Með því að leggja áherslu á máltöku táknmálsbarna er sjónum beint að mikilvægi íslensks táknmáls fyrir framtíð þeirra. Grundvöll að máltöku íslensks táknmáls er hægt að tryggja með aðgengi foreldra að upplýsingum um tungumálið, máltöku, máluppeldi og málánám. Upplýsingar um íslenskt táknmál eru einnig mikilvægar fyrir einstaklinga sem missa heyrn síðar á lífsleiðinni. Táknmálsbörn eiga rétt á því að fá kennslu á og í íslensku táknmáli á máltökuskeiði og öllum stigum skólagöngu, sbr. lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Í ljósi þess á hve viðkvæmu stigi leikskólabörn eru í máltöku þarf að tryggja að kennsla og umönnun fari fram á íslensku táknmáli fyrir þau sem hafa það að móðurmáli.

Kennsla þessara barna, a.m.k. í leikskóla og á fyrstu stigum grunnskóla, á ekki að fara fram í gegnum túlk heldur málfyrirmyndir í beinum samskiptum. Til þess að börnin geti mótað sjálfsmynd og félagsfærni þarf að tryggja þeim tækifæri til náms með öðrum börnum sem tala táknmál. Þá þarf að tryggja að börnin hafi aðgengi að mál- og menningarsamfélagi íslensks táknmáls, að jafningjum sem tala sama mál og fullorðnum málfyrirmyndum (táknmáls-umhverfi) auk fjölbreytts efnis á íslensku táknmáli, svo sem bókum og sjónvarpsefni, til að þau geti öðlast færni í málinu á öllum máltöku- og skólastigum. Menntastefnur ríkis og sveitarfélaga og námskrár skulu taka mið af lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls.

Mikilvægt er að auka aðgengi að námi í íslensku táknmáli. Brýnt er fyrir máltöku táknmálsbarna að fjölskyldu þeirra sé eins fljótt og auðið er tryggt aðgengi að námi í íslensku táknmáli. Í táknmálsnámi aðstandenda þarf að taka mið af þroska og menntun barnsins sem talar táknmál svo að aðstandendur geti stutt við máltöku þess og átt í áreynslulausum samskiptum við það á hverju aldursstigi. Þá skiptir einnig sköpum fyrir máltöku umræddra barna að táknmálsfólk hafi tækifæri til menntunar á sviði íslensks táknmáls til þess að fjölga megi fólki í mál- og menntunarumhverfi barnanna á öllum námsstigum. Fagfólki í menntunarumhverfi táknmálsbarna ber að hafa afburðafærni í íslensku táknmáli. Hafi börn af einhverjum ástæðum orðið af máltöku á íslensku táknmáli er afar brýnt að táknmálskennsla sé þeim aðgengileg síðar.

Um B. Rannsóknir og varðveislu.

Rannsóknir á tungumálum, sögu þeirra og menningu eru grundvöllur þekkingar og kennslu. Forsenda rannsókna er að fram fari öflug söfnun, varðveisla og skráning gagna. Leggja þarf áherslu á söfnun gagna vegna rannsókna á minnihlutamálum því að aðgengi að þeim er eðli málsins samkvæmt minna. Birtingarmynd rannsókna getur verið í formi orðabóka, málheilda, fyrirlestra, kennsluefnis og fræðiritra.

Fjármögnun og mönnun rannsókna minnihlutamála hefur áhrif á stöðu tungumáls í samfélagi og viðhorfi til þess. Söfnun gagna fyrir rannsóknir á tungumálum sem ekki hafa ritmál, þ.m.t. táknmáli, skiptir máli fyrir varðveislu tungumálanna. Menningarleg verðmæti þjóða felast m.a. í tungumálum þeirra hvort sem um meiri- eða minnihlutamál er að ræða. Menningarverðmæti íslensks táknmáls fyrir íslenskt samfélag eru ótvíræð.

Áhersla á rannsóknir og varðveislu íslensks táknmáls gagnast innlendum og erlendum fræðasamfélögum, þá helst á sviði málvísinda, félagsvísinda og menntavísinda. Til þess að íslenskt táknmál og íslenska geti staðið til jafns skiptir sköpum að fjármagna rannsóknir á íslensku táknmáli, sögu þess og menningu. Um leið er hægt að safna upplýsingum um málsögu, málfræði og málbreytingar ásamt því að öðlast betri þekkingu á máltöku, kennslu málsins, túlkun, þýðingum úr íslensku táknmáli yfir á annað mál og öfugt og þekkingu á málsamfélaginu. Birting rannsóknarniðurstaðna og miðlun niðurstaðna til þeirra fagsviða sem

starfa á vettvangi íslensks táknaþmáls sem og annarra tungumála getur skipt sköþum hvað varðar viðhorf til íslensks táknaþmáls, kennslu barna sem tala málið og stöðu þess í alþjóðlegu samhengi. Leitast verður eftir því að sjóðir á sviði menningar og lista taki mið af jafnri stöðu íslensks táknaþmáls og íslensku lögum samkvæmt. Huga verður að því að styrkja rannsóknir á íslensku táknaþmáli.

Þar sem íslenskt táknaþmál er sjónrænt mál er varðveisla þess stafræn. Markviss söfnun gagna á stafrænu formi er nauðsynleg til að varðveita ólík málstig og birtingarmyndir tungumálsins. Mikilvægt er að þróa gagnagrunn svo að varðveita megi tungumálið um ókomin ár, vinna gegn útrýmingu þess og tryggja aðgengi að námsefni, umrituðum rannsóknargögnum og menningarverðmætum þjóðarinnar.

Um C. Jákvætt viðhorf.

Málhugmyndafræði endurspeglar yrta og óyrta ályktanir um eðli tungumáls, gildi þess, notkun og viðhorfin sem hegðun fólks og orðræða ræðst af. Málhugmyndafræði birtist í málhegðun og félagslegum samskiptum. Hún hefur áhrif á málbreytingar, hvort mál deyrja út, hvernig málfraði er lýst og hvernig fólk er flokkað eftir málinu sem það notar og hefur þannig áhrif á sjálfsmynd fólks.

Út frá málvísindalegu sjónarhorni eru öll tungumál jöfn en viðhorf til þeirra geta verið ólík, sem oftast en ekki hefur áhrif á stöðu þeirra beint eða óbeint. Með *viðhorfi til tungumáls* er því átt við skoðanir fólks og hugmyndir þess um ákveðið tungumál, tilbrigði, mállýskur, málanám, málhafa, málminnihluta o.s.frv.

Viðhorf til tungumáls hefur meira vægi fyrir minnihlutamál en meirihlutamál. Þar sem eitt mál er ríkjandi í samfélagi skiptir máli að minnihlutamálum sé gert hátt undir höfði til að tryggja jafnræði málnotenda og virðingu fyrir málunum. Viðhorf til tungumáls hefur áhrif á stöðu þess í þjóðfélaginu og því er viðhorfastýring mikilvæg til að stuðla að jákvæðu viðhorfi almennt. Jákvætt viðhorf stjórnvalda hefur til að mynda áhrif á sýnileika málsins, m.a. í fjölmiðlum og á opinberum vettvangi. Sýnileiki málsins hefur að sama skapi jákvæð áhrif á sjálfsmynd þeirra sem tala málið og þar með viðhorf þeirra sem og annarra til tungumálsins. Aftur á móti getur neikvætt viðhorf til tungumáls komið í veg fyrir að börn á máltökualdri verði fær í tilteknu máli þrátt fyrir nægt aðgengi að málinu. Neikvætt viðhorf getur þar af leiðandi haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir lífvænleika tungumáls.

Jákvætt viðhorf til íslensks táknaþmáls er grundvöllur þess að táknaþmálstalandi fólk hafi tækifæri á við aðra og skiptir sköþum fyrir aðgengi aðstandenda og fagfólks að upplýsingum um tungumálið.

Um D. Fjölgun umdæma íslensks táknaþmáls.

Með umdæmi er átt við notkunarsvið tungumálsins. Ef mál tapar notkunarsviðum takmarkast notkun þess oft við allra nánasta umhverfi málnotandans, eins og í samskiptum við ættingja og vini. Til að tungumál geti dafnað og þróast og málhafar þess njóti jafnræðis þarf að tryggja að hægt sé að nota tungumálið á öllum sviðum samfélagsins. Skapa þarf tækifæri til þess að viðeigandi orðaforði verði til fyrir öll umdæmi samfélagsins og að orðræðuhefð mótist og þróist á þeim öllum. Því fleiri sem umdæmi tungumáls eru þeim mun betur er hægt að tryggja málumhverfi barna á máltökuskeiði.

Með því að leggja áherslu á að sjálfsagt sé að nota íslenskt táknaþmál á öllum sviðum íslensks samfélags til jafns við íslensku eykst þátttaka fólks sem talar íslenskt táknaþmál í íslensku þjóðlífi. Til að draga úr útrýmingarhættu íslensks táknaþmáls þarf að fjölga í hópi þeirra sem tala íslenskt táknaþmál og stækka þannig málsamfélag þess en einnig þarf að stuðla að markvissri

varðveislu og miðlun tungumálsins og menningararfs milli kynslóða. Enn fremur þarf að tryggja aðgengi allra, sérstaklega barna á máltökuskeiði, að ríku málumhverfi. Það er m.a. gert með því að hafa sögur og annað menningarefni sem á sér uppruna í menningarsamfélagi íslensks táknmáls, námsefni, lestrarbækur, barnaefni í sjónvarpi og hvaðeina sem viðkemur börnum og þeirra áhugasviði aðgengilegt á vönduðu, skýru og skiljanlegu íslensku táknmáli.

Um E. Lagaumhverfi.

Staða minnihlutamála er misjöfn eftir löndum; minnihlutamál í einu landi getur verið meirihlutamál í öðru. Táknmál eru þó alltaf minnihlutamál og sjaldgæft er að þeim sé tryggt lagaleg staða til jafns við meirihlutamál. Það er mikilvægt að þjóðir og stjórnvöld hvarvetna taki afstöðu með þjóðtungum og hefðbundnum minnihlutamálum í hverju landi til þess að málin lifi og þróist og að löggjöf styðji við réttindi þeirra sem þau tala.

Á Íslandi hefur staða íslensks táknmáls verið tryggt með lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Nauðsynlegt er að ríki og sveitarfélög framfylgi þeirri lagasetningu sem er frá árinu 2011.

Tryggja þarf að ákvörðunarvald vegna þjónustu við táknmálstalandi fólk sé ekki á sömu herðum og þess sem greiðir fyrir þjónustuna. Mikilvægt er að tryggja að táknmálstalandi einstaklingur fái alltaf táknmálstúlkun við úrlausn mála sinna sem hinu opinbera er skylt að sinna samkvæmt lögum og viðkomandi stofnun skylt að greiða.

Um F. Máltækni.

Þróun í máltækni til varðveislu og eflingar tungumálum er mjög hröð. Það á við um gerð námsefnis, leiðir til fjarnáms og fjarkennslu og varðveislu gagna til rannsókna og kennslu. Með þróun fjarnáms og námsefnis sem hentar til tölvustuddrar tungumálakennslu er hægt að tryggja aðgengi allra að námi í íslensku táknmáli óháð búsetu og vinnutíma. Slík þróun í táknmálakennslu í stafrænum heimi veitir tækifæri til að fjölga þeim sem tala íslenskt táknmál og bæta þannig málumhverfi táknmálsbarna og viðhorf til tungumálsins.

Aukið aðgengi að málföngum, svo sem táknaalistaum eða upptökum á ólíkri málnotkun, skapar aukna möguleika á uppbyggingu máltæknilausna fyrir íslenskt táknmál. Nauðsynlegt er að auka þekkingu á slíkum lausnum hér á landi til að miðla málinu og til varðveislu og rannsókna og sporna þannig gegn útrýmingu málsins.

Uppbygging málheildar íslensks táknmáls er grundvöllur að frekari rannsóknum en einnig er hægt (og æskilegt) að nota efni úr málheild sem kennslugögn og námsefni. Þekkingar-sköpun og hjálfun í notkun máltæknilausna og uppbyggingu málheildar, svo sem með kennslu umritunar íslensks táknmáls, eru mikilvæg skref við undirbúning slíkra máltækniverkfna.